

DRÖG að frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

I. KAFLI Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja þeim sem falla undir lögina tækifæri til náms án tillits til efnahags.

Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að framfylgja markmiðum laganna og veita námsmönnum fjárhagslega aðstoð í samræmi við lög þessi og reglugerðir sem stoð eiga í lögunum.

2. gr.

Miða skal við að námslán samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af almennum náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur að teknu tilliti til fjölskyldustærðar námsmanns.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka tillit til búsetu og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um úthlutun námslána.

3. gr.

Lög þessi gilda um nám á Íslandi sem og viðurkennt nám erlendis sbr. III. kafla.

II. KAFLI Réttur til námslána

4. gr.

Allir þeir, sem eru fjárráða og uppfylla önnur skilyrði þessara laga, eiga rétt á námslánnum, ef námið sem sótt er um lán fyrir, er láns hæft sbr. III. kafla laganna.

5. gr.

Rétt á námslánnum samkvæmt lögum þessum eiga námsmenn sem eru íslenskir ríkisborgarar og uppfylla skilyrði laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Sama gildir um námsmenn sem eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og fjölskyldur þeirra, með þeim skilyrðum sem leiðir af rétti samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá hafa þeir einnig rétt til námslána, sem hafa hlotið dvalarleyfi hér á landi sem flóttamenn eða af mannúðarástæðum.

Ríkisborgarar ríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem starfa ekki sem launþegar eða sjálfstæðir atvinnurekendur á Íslandi og fjölskyldur þeirra öðlast fyrst rétt til námslána eftir fimm ára samfellda búsetu á Íslandi. Sama rétt öðlast einnig ríkisborgarar annarra ríkja eftir fimm ára samfellda búsetu á Íslandi.

Námsmenn eiga ekki rétt á námslánnum samkvæmt lögum þessum njóti þeir sambærilegrar aðstoðar frá öðru ríki.

Ráðherra setur reglur um nánari útfærslu á þessari grein, þar á meðal vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga.

6. gr.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju misseri meðan hann er við nám og í réttu hlutfalli við staðnar einingar hverju sinni. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að setja reglur um hámark heildarnámslána, sem og um kröfur um lágmarks námsframvindu.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. fellur réttur til töku námslána niður við 56 ára aldur. Þá takmarkast rétturinn í 6 ár þar á undan, þannig að umsækjandi getur frá og með tilteknum aldri ekki fengið námslán vegna fleiri eininga en sem hér segir:

Aldur á almanaksárinu:	Hámark lánaðra eininga:
50	180 ECTS
51	150 ECTS
52	120 ECTS
53	90 ECTS
54	60 ECTS
55	30 ECTS

Inn í hámarkstölu lánaðra eininga teljast þær einingar sem umsækjandi hefur áður fengið lánað fyrir. Hafi umsækjandi þegar greitt skuld sína við sjóðinn eða fengið hana fellda niður, teljast þær einingar ekki inn í hámarkstölu lánaðra eininga skv. töflu í 1. mgr.

III. KAFLI Lánshæft nám

8. gr.

Námslán eru veitt vegna náms við viðurkennda háskóla á Íslandi sbr. II. kafla laga um háskóla nr. 63/2006 vegna náms á háskólastigi sbr. 2. mgr. 7. gr. sömu laga.

Einnig eru námslán veitt vegna náms við háskóla erlendis, hafi þeir hlotið viðurkenningu frá menntamálayfirvöldum í viðkomandi landi eða teljast uppfylla skilyrði 1. mgr. að öðru leyti.

9. gr.

Veita skal námslán til undirbúningsnáms fyrir háskólanám, sem skipulagt er af viðurkenndum háskóla sbr. 8. gr., að hámarki 60 ECTS einingar. Jafnframt þarf námsmaður að hafa lokið prófi af framhaldsskólastigi.

Hafi námsmaður ekki lokið prófi af framhaldsskólastigi, getur hann samt sem áður fengið lán til undirbúningsnáms, hafi hann náð 25 ára aldri.

10. gr.

Veita skal námslán vegna sérnáms eða löggilts iðnnáms á framhaldsskólastigi sem veitir starfsréttindi og hefur hlotið staðfestingu ráðherra og uppfyllir jafnframt eftirfarandi skilyrði:

1. að námið sé ekki launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu námslána á Íslandi,
2. að skólinn/stofnunin hafi starfað í 3 ár hið minnsta og sýnt fram á rekstrarhæfi sbr. lög um framhaldsskóla nr. 92/2008,
3. að sambærilegt nám sé almennt ekki í boði á háskólastigi hér á landi né á hinum Norðurlöndunum.

Sé nám launað sbr. 1. tl. 1. mgr., en laun eru undir grunnframfærslu, skal veita lán vegna

mismunar þar á milli.

Þá skal ekki veita lán vegna fyrstu annar námsins og sé námið skipulagt lengra en 5 annir skal ekki veita lán vegna tveggja fyrstu annanna. Að hámarki skal lána 75% af heildarnámstíma að meðtöldum launuðum starfsnámstíma.

Veita skal lán til sambærilegs náms erlendis sem hlotið hefur viðurkenningu þarlendra yfirvalda. Lán samkvæmt þessari málsgrein skal að öðru leyti vera háð sömu skilyrðum og eru í 1.-3. mgr. eins og við á hverju sinni.

11. gr.

Veita skal lán vegna skólagjalda við nám skv. 8. og 10. gr. Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að takmarka lán samkvæmt þessari grein í samræmi við takmarkanir á framfærslulánum. Þá er sjóðstjórn einnig heimilt að setja sérstakar takmarkanir á hámark skólagjaldalána og kveða á um lágmarks sjálfsaflafé námsmanns.

12. gr.

Ráðherra skal skipa þrjá einstaklinga og þrjá til vara til setu í lánshæfismatsnefnd, sem skal meta lánshæfi náms samkvæmt þessum kafla. Nefndin kýs sér sjálf formann. Skal stjórn sjóðsins eingöngu veita lán til náms sem hlotið hefur samþykki lánshæfismatsnefndar. Jafnframt skal stjórn sjóðsins birta lista í úthlutunarreglum sínum yfir það nám sem metið hefur verið lánshæft af lánshæfismatsnefnd.

Ákvörðunum lánshæfismatsnefndar verður skotið til ráðherra.

IV. KAFLI

Námslán og styrkir

13. gr.

Námslán skal veitt þegar námsmaður hefur skilað vottorði um tilskyldan námsárangur og/eða ástundun eins og við á í hverju tilfelli.

Námsmaður fær greiddan vaxtastyrk sem ætlaður er til að bæta honum fjármagnskostnað vegna framfærslu í samræmi við rétt hans til námsláns á hverjum tíma. Styrkurinn greiðist við útborgun námsláns og miðast við meðaltal vaxta- og lántökukostnaðar banka og sparisjóða eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Námsmenn, sem fá lán úr sjóðnum, skulu undirrita skuldabréf við lántöku, teljist þeir tryggir lántakendur samkvæmt reglum stjórnar sjóðsins. Teljist námsmaður ekki tryggur lántakandi getur hann lagt fram ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi. Ábyrgðir geta m.a. verið ábyrgðaryfirlýsing fjármálastofnunar eða yfirlýsing ábyrgðarmanns um sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu námsláns ásamt vöxtum og verðtryggingu þess allt að tiltekinni fjárhæð.

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakendur og ábyrgðarmenn skuli fullnægja.

Ábyrgð ábyrgðarmanns, eins eða fleiri, getur fallið niður enda setji námsmaður aðra tryggingu sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi. Ábyrgð ábyrgðarmanns skal falla niður þegar hann nær 67 ára aldri eða við andlát hans, enda sé lánþegi þá í fullum skilum við sjóðinn. Lánþegi þarf í slíkum tilvikum ekki að fá annan ábyrgðarmann nema hann teljist ekki tryggur lántakandi samkvæmt reglum sjóðsins. Um þau tilvik gilda sömu reglur og um ótrygga lántakendur sbr. 3. mgr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum lánum.

14. gr.

Umsækjendur um lán skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðstjórn telur máli skipta við ákvörðun um veitingu námsláns.

Umsækjendur skulu tilgreina í lánsúmsókn hvort þeir óski eftir fullu láni samkvæmt reglum sjóðsins eða lægri fjárhæð.

Innlendum skólum, sem lög þessi taka til, er skylt að láta Lánasjóði í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjenda.

Ríkisskattstjóra er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru láttnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið með sem trúnaðarmál.

15. gr.

Nú fær lánþegi ofgreitt lán samkvæmt reglum sjóðsins vegna rangra upplýsinga eða af öðrum ástæðum og er þá sjóðstjórn heimilt að innheimta ofgreidda upphæð með vöxtum í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af óverðtryggðum lánum frá þeim degi sem greiðslan fór fram.

16. gr.

Námsmaður, sem stundar nám er fellur undir 8. gr., að undanskildu doktorsnámi, ávinnur sér námsstyrk, ljúki hann náminu á þeim fjölda námsanna og á þeim tíma sem skipulag námsins gerir ráð fyrir. Stjórn Lánasjóðsins setur nánari reglur um hvað teljist upphaf og lok náms samkvæmt þessari grein.

Frá þessari kröfu skulu veittar sömu undanþágur og vegna annarra námsframvindukrafna í úthlutunarreglum sjóðsins.

Fullur styrkur skal reiknast sem 25 hundraðshlutar af grunnframfærslu eins og hún er ákvörðuð í úthlutunarreglum sjóðsins hverju sinni. Styrkur myndast einungis vegna náms sem er skipulagt í að minnsta kosti tvær annir og 60 ECTS einingar.

Vegna tveggja til þriggja anna náms er ekkert svigrúm veitt vegna seinkunar. Svigrúm vegna seinkunar í lengra námi er eftirfarandi:

Grunnháskólanám (3ja ára BA/BSc) á: 7 önnum: 70% af fullum styrk.

Framhaldsnám (2ja ára MA/MSc, Cand.) á: 5 önnum: 60% af fullum styrk.

Námsstyrkur myndast að loknu námi og skal hann koma til niðurfærslu á höfuðstól námsláns námsmanns. Skal fyrst koma til niðurfærslu á láni vegna þess náms sem styrkurinn fékkst út á en að því búnu skal styrkurinn greiddast inn á elstu lánin fyrst.

V. KAFLI

Endurgreiðslur námslána

17. gr.

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12/1995. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölunnar eða við útreikning hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur samkvæmt nýjum breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Íslands tilnefnir einn mann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Lánstími námsláns er ótilgreindur en greitt skal af námsláni skv. 18. gr. þar til skuldin er að fullu greidd. Námslán skulu ætíð falla niður á því ári er skuldari nær 67 ára aldri enda sé hann

í fullum skilum við sjóðinn.

Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok. Sjóðstjórn skilgreinir hvað telja beri námslok samkvæmt lögum þessum og úrskurðar um vafatilfalli.

Vextir af lánum sjóðsins skulu vera breytilegir en þó aldrei hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar. Vextir reiknast frá námslokum. Ríkisstjórnin, að tillögu ráðherra, tekur nánari ákvörðun um vexti námslána á hverjum tíma samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Árleg endurgreiðsla ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla, sem innheimt er á fyrri hluta ársins, óháð tekjum og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Fastagreiðslan er 114.406 kr. miðað við vísitölu neysluverðs 386,0 nema eftirstöðvar láns ásamt verðbótum og vöxtum séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundradshluta af tekjustofni ársins á undan endurgreiðsluári, sbr. 20. gr. Hundradshluti þessi er 3,75% við afborganir af skuldabréfinu.

Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fastagreiðslan skv. 2. mgr.

Fjárhæðin skv. 3. mgr. skal margfölduð samkvæmt hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

Skuldara ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hvernar greiðslu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum skuldara, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að veita undanþágu frá árgreiðslu skv. 1. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 6. mgr., skal leggja sjóðstjórn til þær upplýsingar er stjórnin telur skipta máli. Umsóknin skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Ráðherra skal kveða á um undanþágur frá þessum fresti í reglugerð. Heimilt er að endurgreiða lán örur en mælt er fyrir í þessari grein.

19. gr.

Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól, verðbætur og vexti. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu skv. 17. gr. frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga.

Skuldari skuldbindur sig til að greiða ársvexti skv. 17. gr. af höfuðstól skuldarinnar þegar hann hefur verið reiknaður út. Vextir reiknast frá námslokum og greiðast eftir á sömu gjalddögum og afborganir.

Endurgreiðslur eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða.

Sama gildir um eftirstöðvar skuldar sem felld er í gjalddaga skv. 21. gr.

Endurgreiðslur, sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falla sjálfkrafa niður.

20. gr.

Þegar tekjur eru skattskyldar á Íslandi er með tekjustofni í lögum þessum átt við útsvarsstofn lánþega að viðbættum tekjum skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Falli lánþegi undir skilyrði 62. gr. sömu laga skal við ákvörðun tekjugrundvallar tekna skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 miða við 50 hundradshluta samanlagðra tekna lánþega og sambúðaraðila. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breyting á skattalögum þannig að veruleg breyting verði

á því sem nú telst tekjustofn í lögum þessum skal árleg viðbótargreiðsla skv. 18. gr. reiknuð af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefni einn mann, fjármálaráðherra annan en ríkisskattstjóri verði formaður nefndarinnar. Skal nefndin setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns svo að árleg viðbótargreiðsla hvers lánþega verði sem næst því sem orðið hefði að óbreyttum skattalögum. Sé lánþega áætlaður skattstofn skal miða við hann. Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og skal árleg viðbótargreiðsla ákveðin í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna tekjustofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum tekjustofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu.

21. gr.

Lánþegi á rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikninginn eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar og leggja fyrir stjórn sjóðsins bestu fáanlegar upplýsingar um tekjurnar. Ráðherra skal kveða á um undanþágur frá þessum fresti í reglugerð.

Endurútreikningur skv. 1. mgr. á árlegri viðbótargreiðslu skal gerður þegar sjóðnum hafa borist staðfestar upplýsingar um tekjurnar. Komi þá í ljós að tekjustofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með almennum vöxtum óverðtryggðra bankalána.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga.

Sömu heimild hefur sjóðstjórn ef í ljós kemur að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu. Sú hækkun, sem verður á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar lánþega, skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar viðbótargreiðslu sem hækkun er.

22. gr.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild má veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Lán þessi eru veitt með sömu kjörum og almenn námslán.

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita lán með sömu kjörum og almenn námslán vegna annarra áfalla en greinir í 1. mgr., svo sem ef námsmanni stendur ekki tímabundið til boða fullt nám samkvæmt skipulagi skóla eða veikindi valda því að námsmanni tekst ekki að standast prófkröfur.

VI. KAFLI

Lánasjóður íslenskra námsmanna

23. gr.

Stjórn

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra námsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra framhaldsskólanema, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu sitji þeir skemur. Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

Helstu verkefni stjórnar sjóðsins eru:

1. að setja reglur um úthlutun námslána,
2. að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, sbr. 26. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa unDIRnefndir úr hópi stjórnarmanna til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela bankastofnunum útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu.

Bókhaldi skal haga samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

24. gr.

Framkvæmdastjóri

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Kjararáð ákveður starfskjör framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk sjóðsins. Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur sjóðsins, fjárreiður, reikningsskil og gerð fjárhagsáætlana og bera ábyrgð á að sjóðurinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Framkvæmdastjóri ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sjóðsins sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir hans séu nýttir á árangursríkan hátt. Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum stjórnar Lánasjóðsins.

25. gr.

Verkefni

Helstu verkefni Lánasjóðsins eru:

1. að veita námsmönnum námslán,
2. að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á námslánum,
3. að afla upplýsinga um námsskipan og námstíma þeirra skóla sem lánað er til,
4. að hafa eftirlit með árangri og ástundun námsmanna,
5. að annast útgáfustarfsemi og aðra kynningu á starfsemi sjóðsins.

26. gr.

Málskotsnefnd

Ráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna og jafnmarga til vara, til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og verður honum ekki skotið til annarra stjórnvalda. Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd sjóðsins getur nefndin frestað réttaráhrifum úrskurðar síns telji hún að hann muni hafa í för með sér veruleg fjárhagsleg áhrif á sjóðinn. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en 10 dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar að auki vera bundin því skilyrði að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestun og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað

innan 30 daga frestsins. Þegar mál er höfðað vegna úrskurðar málskotsnefndar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem til meðferðar eru hjá nefndinni, þar til dómur gengur.

Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnarsýslulögum.

VII. KAFLI

Ráðstöfunarfé, rekstur o.fl.

27. gr.

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánnum.
 2. Ríkisframlag.
 3. Lánsfé. Sjóðnum er þó ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.
- Árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins og með lántökugjöldum, sbr. 13. gr.
- Stjórn sjóðsins skal árlega samþykkja fjárhagsáætlanir fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.
- Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðstjórn og endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

28. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Sjóðstjórn setur reglur um önnur atriði er greinir í lögum þessum og reglugerð skv. 1. mgr. Reglurnar skulu samþykktar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.

Sjóðstjórn er heimilt, ef hagsmunasamtök námsmanna óska eftir, að draga félagsgjald frá láni enda komi ósk námsmanns þar að lútandi fram á lánsúmsókn.

29. gr.

Ef lánþegi samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt eldri lögum um sjóðinn skal miða við að hann endurgreiði þau fyrst. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu samkvæmt eldri lögum lýkur eða á að vera lokið skal lánþegi hefja endurgreiðslu samkvæmt þessum lögum. Greiðslur samkvæmt þessum lögum frestast því þar til lán samkvæmt eldri lögum eiga að vera að fullu greidd.

Ef lánþegi skuldar námslán sem var úthlutað á árunum 1992–2004, svokallað R-lán, og jafnframt námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu R-lánið. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þá þar til R-lánið er að fullu greitt.

VIII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2013

Ákvæði til bráðabirgða...

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 9. júní 2011 skipaði Svandís Svavarsdóttir, starfandi menntamálaráðherra, nefnd til að endurskoða lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Í nefndina voru skipuð Ingvi Snær Einarsson héraðsdómslögmaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Haraldur Guðni Eiðsson formaður stjórnar LÍN, Auður Lilja Erlingsdóttir varaformaður stjórnar LÍN, Lilja Dögg Jónsdóttir fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Skúli Sveinsson fulltrúi Bandalags íslenskra námsmanna. Varamaður Lilju Daggar, Heimir Hannesson, tók sæti hennar í nefndinni. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurður Kári Árnason meistaranemi í lögfræði og fyrrum stjórnarmaður í LÍN.

II.

Sögu opinberrar námsaðstoðar á Íslandi má rekja aftur til árunna 1911-1912 þegar Háskóli Íslands var stofnaður. Fyrstu árin var um að ræða lága styrki sem ríkið veitti án mikillar umgjarðar en frá árinu 1928 var farið að veita námslán í gegnum lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands. Sá sjóður fékk þó ekki fé úr ríkissjóði og var óburðugur allan þann tíma sem hann starfaði. Íslenskir námsmenn sem lærðu í Danmörku hlutu námsstyrki frá danska ríkinu fram til ársins 1918 þegar Ísland varð fullvalda ríki. Eftir það byrjaði Alþingi að veita nokkrum stúdentum erlendis námsstyrki, allt fram að stofnun lánasjóðs íslenskra námsmanna erlendis árið 1960.

Árið 1952 setti Stúdentaráð Háskóla Íslands fram beiðni til ríkisstjórnar landsins um að veitt yrði ríkisframlag til lánasjóðsins. Var orðið við þeirri beiðni með stofnun nýs lánasjóðs stúdenta. Lög voru sett um stofnun hins nýja sjóðs og honum tryggt ríkisframlag næstu 25 árin. Var orðið löngu ljóst að styrkveitingar til námsmanna innanlands væru langt undir þörf námsmanna en að hækkun styrkjanna yrði of kostnaðarsöm. Var því kveðið á um í lögnum að hinn nýi sjóður skyldi veita námslán í meira mæli en áður svo þau dygðu stúdentum til framfærslu en væru jafnframt á svo góðum kjörum sem stúdentum væru viðráðanleg. Lög þessi voru að öðru leyti stutt eða ekki nema 3 greinar þar sem kveðið var á um stjórn sjóðsins, lánakjör og endurgreiðslur sem og ríkisframlag. Að lokum var reglugerðarheimild til handa ráðherra vegna nánara skipulags sjóðsins.

Með lögum nr. 52/1961 var Lánasjóði íslenskra námsmanna komið á laggirnar en sjóðurinn tók við hlutverki og öllum eignum þeirra tveggja sjóða sem þá störfuðu, lánasjóðs stúdenta samkvæmt lögum nr. 5/1952 og lánasjóðs íslenskra námsmanna erlendis samkvæmt lögum nr. 17/1960. Sjóðurinn starfaði þó framan af í tveimur deildum í samræmi við fyrri skipan og var hlutverk hans til að byrja með að útvega lánsfé en úthlutun námslána var annars vegar í höndum Menntamálaráðs vegna námsmanna erlendis og hins vegar í höndum sérstakrar nefndar vegna lána úr lánadeild stúdenta. Var í raun um að ræða sama fyrirkomulag og fyrir stofnun LÍN.

Þessu var síðan breytt með lögum nr. 7/1967 um námslán og námsstyrki, sem felldu úr gildi lög nr. 52/1961, en þá tók stjórn LÍN alfarið við veitingu námslána. Lögin frá 1967 felldu einnig úr gildi lög nr. 35/1925 um styrkveitingu til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla, enda voru ákvæði þar um tekin inn í hin nýju lög. Skýringu á nafnbreytingu laganna frá 1967 er ekki að finna í frumvarpinu en telja verður líklegt að það stafi af því að með lögnum frá 1961 var Lánasjóðurinn stofnaður en í hinum nýju lögum voru komnir inn sérstakir kaflar um námslán annars vegar og námsstyrki hins vegar, og því ekki eingöngu um að ræða ákvæði sem snúa að stofnun og uppbyggingu sjóðsins. Talsverð stefnubreyting varð

með nýju lögunum frá 1967 um ákvörðun fjárhæða námslána. Þá var fellt út ákvæði sem var í eldri lögum um tiltekna fjárhæð ríkisframlags en þess í stað „mörkuð sú stefna, að opinber aðstoð við námsmenn nægi þeim til þess að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið aðstöðu þeirra til fjáröflunar.“ Með lögunum frá 1967 var einnig í fyrsta sinn tekin upp heimild fyrir stjórn sjóðsins að líta til tekna námsmanns og efnahags við úthlutun lána sem og að námsmönnum á Íslandi voru veitt lán allt frá fyrsta námsári.

Árið 1976 voru enn sett ný lög um námslán og námsstyrki, nr. 57/1976. Lögin voru lítið frábrugðin fyrri lögum en sú meginbreyting var þó gerð að námslán skyldu héðan í frá vera verðtryggð og afborganir þeirra skyldu að mestu miðast við tekjur lánþega að loknu námi. Stafaði þessi breyting vitanlega af þeirri miklu verðbólgu sem skók efnahag landsins á þessum árum og þeirri almennu þróun á lánamarkaði, að farið var að verðtryggja lán. Til að tryggja að engum lánþega yrði íþyngt um of með endurgreiðslum var tekið upp það kerfi, sem enn er við lýði samkvæmt núgildandi lögum, að afborganir skyldu annars vegar miðast við lága fasta afborgun og hins vegar aðra tekjutengda afborgun. Endurgreiðslur hófust ekki fyrr en 3 árum eftir námslok en það kerfi hafði verið við lýði frá 1952 og endurgreiðslutími þeirra var að hámarki 20 ár en eftir þann tíma féllu þær niður.

Enn voru sett ný lög um námslán og námsstyrki árið 1982, nr. 72/1982. Með lögunum voru gerðar tvær grundvallar breytingar á námslánnum. Sú fyrri fól í sér að færa skyldi veitt námslán úr því að vera 85% af framfærsluþörf námsmanns, í að vera 100% af framfærsluþörfinni, í nokkrum skrefum. Hin síðari sneri að útreikningi endurgreiðslna námslána með það að markmiði að færa endurgreiðsluhlutfallið úr 66% í 88% þannig að endurgreiðslur lána næmu allt að helmingi af fjárþörf sjóðsins eftir 10 ár. Þannig var námsmönnum gert að greiða mun hærri hluta af tekjum sínum vegna tekjutengdra afborgana, og fasta greiðslan var gerð sú sama fyrir alla, óháð námslengd og varð hún talsvert lægri en hún gat mest orðið samkvæmt eldri lögum. Samhliða þessu gerði frumvarpið ráð fyrir að endurgreiðslur skyldu standa yfir í 30 ár hið mesta í stað 20 ára, en í meðförum þingsins var þessu breytt í 40 ár og því afar stórt skref tekið í átt að því að fá námslán að fullu greidd til baka, á kostnað námsmanna. Um þá breytingu sagði framsögumaður menntamálanefndar: „Það hefur sýnt sig á þeim útreikningum, sem á endurgreiðslu lána hafa verið gerðir, að ef lán eru há og farið eftir þeim endurgreiðslureglum sem frv. gerir annars ráð fyrir, þá vantar mjög mikið upp á að þessi lán greiðist að fullu. En eitthvað ætti þetta að lagast ef bætt væri við þennan árafjölda, enda gefur 8. gr. að mati nefndarinnar fullnægjandi heimildir til handa stjórninni að veita undanþágur frá fastri ársgreiðslu. Ef um það væri að ræða, sem vel gæti verið, ekki síst nú eftir að menn eru farnir að fara í svo og svo langt nám, fullorðnir menn, að aldur gæti þarna verið til trafala greiðslu, telur nefndin að 8. gr. gefi stjórn sjóðsins fullnægjandi heimildir til að undanþiggja viðkomandi endurgreiðslu ef aldur hamlar.“ Til viðbótar þessum breytingum voru nokkrar minniháttar breytingar á lögunum, s.s um að endurgreiðslur námslána skyldu verða lögtakskræfar við vanskil.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna en með þeim lögum voru gerðar róttækar breytingar á lögunum frá 1982 sem stefndu að því að rétta við fjárhagsstöðu sjóðsins. Þessar breytingar voru helstar að námslán skyldu bera vexti frá námslokum en væru vaxtalaus á námstíma. Vextir væru breytilegir og væru ákveðnir af ríkisstjórn en gætu hæstir orðið 3% samkvæmt lögunum. Endurgreiðslur skyldu hefjast tveimur árum eftir námslok í stað þriggja. Lánstími var ekki lengur miðaður við tiltekinn árafjölda, sem voru 40 ár, heldur féllu þau ekki niður og skyldu því greiðast að fullu. Í frumvarpinu var lagt til að hætt yrði að lána til sérnáms sem ekki er á háskólastigi, nema lánþegi verði 20 ára á því almanaksári sem lán er veitt. Þessu var breytt í meðförum menntamálanefndar Alþingis en framsögumaður nefndarinnar sagði um þá breytingu: „Við 2. gr. er lagt til að horfið verði frá því að binda námslán til sérnáms við 20 ára aldur. Ákvæði

Þetta snertir einkum nemendur sérskóla og iðnbrauta í fjölbrautaskólum. Með þessari breytingu er komið til móts við þau sjónarmið að hlúa að starfstengdu stuttu námi og að verknámi og bóknámi sé gert jafnhátt undir höfði.“ Felld voru niður öll ákvæði um námsstyrki en gert var ráð fyrir að Vísindasjóður yrði eflur til þess að veita námsstyrki og átti það sérstaklega að mæta þörfum doktorsnema. Þá voru felld niður ákvæði um lífeyrissjóðsgreiðslur og sjóðnum var veitt heimild til að innheimta lántökugjöld til þess að greiða reksturskostnað. Að lokum var hætt að veita fyrirframgreidd lán þannig námsaðstoð skyldi aldrei greidd út fyrr en sýnt hefur verið fram á námsárangur. Ekki er að finna í frumvarpi með núgildandi lögum sérstakar skýringar á því að nafni laganna var breytt úr lögum um námslán og námsstyrki, í lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna, en ein af ástæðunum kann að vera sú að ákvæði um námsstyrki voru felld niður líkt og áður segir.

III.

Frá því núgildandi lög voru sett, nr. 21/1992, hefur mikið vatn runnið til sjávar en eins og sést af II. kafla hér að framan hefur ekki áður liðið svo langur tími milli þess sem ný lög á þessu sviði eru sett. Markverðustu lagabreytingarnar eru eflaust nýir lagabálkar fyrir öll skólastigin sem settir hafa verið á síðustu árum, en í því sambandi má geta almennra laga um háskóla nr. 63/2006, laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Þá hefur orðið gríðarleg sprenging í útlánum sjóðsins sem kemur fyrst og fremst til af því að háskólar á Íslandi eru nú sjö ásamt nokkrum háskólasetrum en voru árið 1992 einungis fjórir þegar talinn er með Kennaraháskólinn, sem nú er hluti af Háskóla Íslands. Þá hefur aðsókn í háskólanám aukist mikið á undanförunum árum, sérstaklega eftir efnahagshrunið haustið 2008 og sem dæmi má nefna að fjöldi nemenda í fullu námi við Háskóla Íslands hefur aukist um 1500 á þessum þremur árum og er þá ekki talin sameiningin við Kennaraháskólann. Þessu til viðbótar hafa lán vegna sérnáms, með heimild í 2. gr. núgildandi laga, aukist mikið enda framboð á slíku námi langt um meira en þegar núgildandi lög voru sett. Einnig hefur sjóðurinn um nokkurt skeið lánað til undirbúningsnáms fyrir háskólanám, þar á meðal svokallaðs frumgreinanáms, án lagaskyldu og hefur reynst erfitt að takmarka þau lán þar sem lagareglur skortir.

Ríkisendurskoðun gaf út skýrslu í júní 2011 sem nefnist „Lánasjóður íslenskra námsmanna – Lánshæfi náms og þróun útlána“. Í skýrslunni er gerð úttekt á ákvörðunarferli um lánshæfi náms hjá LÍN og kannað hvort það stuðli að hagkvæmri og skilvirkri nýtingu ríkisfjár. Í skýrslunni er farið ítarlega yfir reglur og framkvæmd varðandi viðurkenningu og lánshæfi náms. Í því sambandi kom fram sú gagnrýni að á undanförunum árum hefði LÍN veitt bæði framfærslu- og skólagjaldalán vegna svokallaðs frumgreinanáms og ýmiss konar sérniðins framhaldsskólanáms til undirbúnings fyrir starfsnám án þess að lagaheimildir stæðu til þess. Í kjölfarið var þeim ábendingum komið á framfæri við mennta- og menningarmálaráðuneytið að sjá til þess LÍN fylgdi ákvæðum laga um lánshæfi en ella að ráðuneytið stuðlaði að því að lögum yrði breytt í samræmi við framkvæmd.

Einnig lagði Ríkisendurskoðun til að fagleg nefnd yrði skipuð á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis til að meta lánshæfi náms hér á landi og erlendis og að setja þyrfti reglur um lán vegna skólagjalda við einkarekna háskóla til að tryggja að slík lán væru ekki hærri en raunkostnaður kennslunnar.

Þá taldi Ríkisendurskoðun eðlilegt að takmarka rétt einstaklinga til námslána við tiltekinn aldur líkt og gert er víða erlendis og að miða skyldi heildarskuldsetningu lánþega hjá LÍN við áætlaða endurgreiðslumöguleika einstaklinga með meðaltekjur fyrir 60 ára aldur.

Ríkisendurskoðun taldi að slíkar skorður myndu til þess fallnar að draga úr væntanlegum afskriftum lána vegna aldurs og koma í veg fyrir að lánþegar væru enn í skuld við Lánasjóðinn þegar þeir hæfu töku lífeyris.

Frumvarpið gerir áfram ráð fyrir að grundvöllur námslána- og námsstyrkjakerfisins verði að veita þeim er falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags.

Gerðar eru nokkrar veigamiklar breytingar á reglum er snúa að útlánum sjóðsins, s.s. nýjar reglur er varða heimildir til að lána til undirbúningsnáms fyrir háskólanám auk þess sem heimild til lánveitinga vegna sérnáms er skýrð nánar. Frumvarpið hefur einnig að geyma nýtt ákvæði sem hefur að geyma aldurstengdar takmarkanir á lánveitingum sjóðsins.

Þá er í frumvarpi þessu lagt til að tekin verði upp ákvæði um námsstyrki en slík ákvæði var að finna í eldri námsláanalögum allt til setningar núgildandi laga. Er með því verið að nálgast nokkuð það fyrirkomulag sem er við lýði annars staðar á Norðurlöndunum en þó með nokkuð öðru sniði. Með því að veita lánþegum sem ljúka námi sínu á tilsettum tíma námsstyrk er talið stuðla að því að þeir vandi val á námsbrautum og það kunni að flýta fyrir brautskráningu þeirra. Slíkt sé til hagsbóta fyrir samfélagið þar sem námsmenn ljúki námi sínu fyrr og komist þar með fyrr út á vinnumarkaðinn. Fjárhagslegur ávinningur er þannig talinn vega upp á móti þeim útgjöldum sem hið opinbera verður fyrir vegna breytingarinnar.

Helstu breytingar frá núgildandi lögum, sem lagt er til að gerðar verði samkvæmt frumvarpi þessu, eru eftirfarandi:

- Réttur til námslána verði takmarkaður í þrepum frá 50 ára aldri lánþega og falli niður við 56 ára aldur.
- Lánshæfi náms verði metið út frá því námi sem námsmaður hyggst stunda í stað þess að miða við undirbúningsnám, sem núgildandi lög leggja til grundvallar.
- Lánasjóðnum verði heimilt að lána til undirbúningsnáms fyrir háskólanám, þar á meðal svokallaðs frumgreinanáms, að hámarki vegna 60 ECTS eininga og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum.
- Heimild til námslána vegna sérnáms er afmörkuð nánar með **tilgreiningu** til þess hvaða sérnám á framhaldsskólastigi skuli vera lánshæft.
- Sérstök heimild til lána vegna skólagjalda í háskólanámi, sérnámi eða löggiltu iðnnámi á framhaldsskólastigi.
- Lánshæfismatsnefnd verði falið að meta lánshæfi náms.
- Ábyrgð ábyrgðarmanns fellur niður við 67 ára aldur eða við andlát.
- Heimild fyrir stjórn LÍN til að endurheimta ofgreitt námslán.
- Námsmenn sem ljúka námi sínu á þeim fjölda námsanna og þeim tíma sem skipulag námsins gerir ráð fyrir, geti fengið námsstyrk sem kemur til úthlutunar að loknu námi. Námsstyrkur skal veittur í formi niðurfærslu á þegar teknu námsláni/námslánum.
- Eftirstöðvar námsláns verði að öllu felldar niður við 67 ára aldur lánþega, sé hann í skilum við sjóðinn.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um I. kafla

I. kafli frumvarpsins nær til gildissviðs laganna, markmiðs þeirra og hlutverks Lánasjóðsins.

Um 1. gr.

Fyrsta málsgrein greinarinnar er nánast óbreytt frá 1. mgr. 1. gr. nógildandi laga en í stað upphafsorðanna um hlutverk LÍN, er vikið að markmiðum laga þessara. Ekki er um efnisbreytingu að ræða heldur er frekar verið að skerpa á hver séu markmið slíkrar löggjafar. Önnur málsgrein skýrir sig að mestu sjálf og þó hún eigi sér ekki beina hliðstæðu í nógildandi lögum, er ekki um neinar breytingar frá núverandi hlutverki LÍN að ræða.

Um 2. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 3. gr. nógildandi laga. Í henni felst skylda til þess að stjórn LÍN ákvarði framfærslu námslána þannig að hún dugi námsmönnum að teknu tilliti til fjölskyldustærðar sem og annarra atriða sem lögin heimila að horft sé til. Erfitt getur verið að sannreyna hvaða krónutala sé nægjanleg til þess að námsmenn geti framfleytt sér og stundað nám sitt. Í framkvæmd hefur stjórn sjóðsins notast við neysluviðmið frá Hagstofu Íslands og velferðarráðuneyti en jafnframt tekið tillit til miðgildistekna námsmanna og dregið þær frá neysluviðmiðunum áður en framfærsla LÍN er ákveðin. Þar sem greinin kveður á um að námslán skuli nægja hverjum námsmanni kann þó að vera varasamt að skerða námslán samkvæmt slíkum miðgildistekjum, þar sem það leiðir til þess að námsmenn sem hafa minnstar tekjur fá ekki úthlutað námslánnum sem uppfylla skilyrði greinarinnar. Í síðustu úthlutunarreglum LÍN var þessu breytt til hins betra og þá er einnig ljóst að úthlutunarreglur geta aldrei verið algerlega persónubundnar við hvern námsmann fyrir sig. Í ljósi þessa var bætt inn orðinu „almennum“ fyrir framan náms- og framfærslukostnað til að það sé skýrt að sjóðnum ber almennt ekki skylda til veita lán vegna einstaklingsbundinna útgjalda. Í 2. mgr. er kveðið á um heimild sjóðsins til að líta til búsetu við ákvörðun námslána. Kemur helst til greina að nota aðrar framfærslutölur fyrir námsmenn erlendis, sem taka mið af náms- og framfærslukostnaði í því landi sem námsmaður dvelst. Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu stjórnar sjóðsins til að setja sérstakar úthlutunarreglur til nánari útfærslu á lögum þessum og reglugerðum sem kunna að vera settar af ráðherra með stoð í lögum þessum.

Um 3. gr.

Greinin er ný, en felur ekki í sér breytingu á gildissviði nógildandi laga og reglna með stoðum í þeim. Ákvæðið er ætlað til glöggvunar og tekur mið af breyttri efnisskipan laganna.

Um II. kafla

Í II. kafla frumvarpsins, 4. – 7. gr. er fjallað um hverjir geti átt rétt til námslána og hvaða skilyrði þeir þurfa að uppfylla.

Um 4. gr.

Hér er um nýmæli að ræða sem fyrst og fremst er ætlað að skýra réttarstöðu þeirra sem sækja um námslán. Í fyrsta lagi er kveðið á um að einstaklingar þurfi að vera orðnir fjárráða til að geta fengið úthlutað námslánnum. Er hér ekki um að ræða efnisbreytingu frá nógildandi réttarástandi, því þó slíkt skilyrði komi ekki fram í nógildandi lögum, geta einstaklingar sem ekki eru fjárráða almennt ekki fengið lán. Þá er einnig ljóst að einstaklingar sem ekki eru

fjárraða sökum aldurs, eru undir framfærsluskyldu foreldra eða forráðamanna, og hafa því ekki þörf á lánnum sér til framfærslu. Um einstaklinga sem misst hafa fjárræði, gilda sömu reglur um lántöku og almennt. Skilyrði um fjárræði er einnig að finna í núgildandi úthlutunarreglum sjóðsins. Að fjárræðisskilyrðinu slepptu þurfa umsækjendur að uppfylla önnur skilyrði laganna sem snúa að umsækjanda. Þau eru fyrst og fremst að finna í þessum kafla auk skilyrða vegna umsóknar um lán í IV. kafla. Námið sem sótt er um lán fyrir þarf að lokum að vera lánshæft skv. III. kafla laganna. Þetta þarfnast ekki frekari útskýringa hér.

Um 5. gr.

Greinin er sambærileg 13. gr. núgildandi laga með nokkrum breytingum sem aðallega eru á orðalagi og formi en um litlar efnisbreytingar er að ræða. Greininni í núgildandi lögum var breytt með lögum 89/2008 sem viðbrögð við athugasemdum ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, um rétt farandlaunþega á evrópska efnahagssvæðinu. Í kjölfarið voru þessar reglur nánar úfærðar í reglugerð. Til að uppfylla þau sjónarmið Evrópuréttarins sem komið hafa fram í athugasemdum ESA var reglugerð nr. 478/2011 frá apríl 2011 breytt í september s.á. Þar sem ekki hafa borist frekar athugasemdir frá ESA eftir lagabreytinguna 2008 þykir ekki ástæða til að breyta þessari grein frekar.

Fyrsta málsgreinin er óbreytt frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa. Önnur málsgrein er að mestu leyti samhljóða 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga. Í síðasta málslið hennar er að finna nýmæli í lögnum, um rétt þeirra, sem hlotið hafa dvalarleyfi sem flóttamenn eða af mannúðarástæðum, til námslána. Um dvalarleyfi slíkra aðila er fjallað í ákvæðum laga um útlendinga (nr. 96/2002), sjá 12. gr. f. og j. Sambærileg ákvæði er að finna í námslána sjóðslögum hinna Norðurlandanna og er þetta talinn mikilvægur og sjálfsagður þáttur í því að veita þeim sem hér fá dvalarleyfi af þessum sökum sömu réttindi og íslenskum ríkisborgurum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ríkisborgarar EES-ríkja sem ekki uppfylla skilyrði 2. mgr., öðlist rétt til námslána eftir fimm ára samfellda búsetu á Íslandi. Sama rétt hafa ríkisborgarar annarra ríkja. Í 4. mgr. 13. gr. núgildandi laga er að finna nokkuð nákvæma útfærslu á hvaða undantekningar meggi gera á samfelldri búsetu. Þykir óþarft og óskýrt að slíkar útskýringar séu í lögnum sjálfum og var því farin sú leið að fella málsgreinina brott úr lögnum en taka hana þess í stað upp í athugasemdum þessum sem viðmið við reglugerðarsetningu ráðherra sbr. 5. mgr. Við mat á því hvort skilyrði um fimm ára samfellda búsetu á Íslandi sé uppfyllt skal litið fram hjá skammtímafjarvistum frá Íslandi sem til samans fara ekki yfir sex mánuði á ári eða fjarvistum í allt að tólf mánuði samfelld af mikilvægum ástæðum, t.d. vegna meðgöngu og fæðingar, alvarlegra sjúkdóma, náms eða starfsnáms eða starfsdvalar á Evrópska efnahagssvæðinu á vegum fyrirtækis, sem hefur staðfestu hér á landi. Í kjölfar lengri en tveggja ára samfelldrar fjarvistar frá Íslandi er unnt að ávinna sér rétt til námslána að nýju með fimm ára samfelldri búsetu hér á landi.

Í 4. mgr. er að finna sambærilega reglu og er í 5. mgr. 13. gr. núgildandi laga. Ljóst er samkvæmt orðalagi málsgreinarinnar að námsmaður þarf að nýta rétt til námsaðstoðar frá öðru ríki, til þess að heimild hans til námslána hérlendis falli niður. Ekki er því nóg að hann eigi rétt á námsaðstoð en nýti hann ekki.

Í 5. mgr. er reglugerðarheimild til handa ráðherra til nánari útfærslu á greininni. Hér eru í raun sameinaðar reglugerðarheimildirnar í 4. og 6. mgr. 13. gr. laga nr. 21/1992.

Um 6. gr.

Greinin sameinar nokkur ákvæði núgildandi laga, þá helst 6. gr., en felur í raun í sér óbreytt ástand, þ.e. það sem miðað hefur verið við, þó það komi ekki skýrt fram í lögnum. Hér er sett fram meginregla um rétt námsmanna til láns og þær takmarkanir sem stjórn sjóðsins getur gert á honum. Fyrsti málsliðurinn segir sig nokkuð sjálfur en þar er hnykkt á rétti námsmanna

til láns, frá upphafi til enda lánshæfs náms með eftirfarandi takmörkunum. Í fyrsta lagi er stjórn veitt heimild til að takmarka þau heildarnámslán sem hver og einn lánþegi getur tekið en sambærileg takmörkun er í 3. mgr. 6. gr. núgildandi laga. Þetta getur bæði átt við tiltekna krónutölu og hvort sem er um að ræða framfærslulán eða skólagjaldalán. Í dag er þak á töku skólagjaldalána en ekki á framfærslulánum. Ekki er verið að skylda stjórn til slíkra takmarkana heldur einungis að kveða skýrt á um heimildina, sjái stjórnin ástæðu til þess. Hámark heildarnámslána getur einnig miðast við tíma eða einingar, þ.e. að ekki sé lánað til fleiri ára eða fyrir fleiri einingum en því sem stjórn sjóðsins ákveður. Er þetta sú leið sem hefur verið farin síðustu ár.

Þá er með þessari grein einnig kveðið á um heimild sjóðsstjórnar til að setja fram ákveðnar námsframvindukröfur fyrir úthlutun námslána. Slík krafa hefur verið af hálfu LÍN um alllangt skeið og á sú framkvæmd sér helst stoð í 4. mgr. 6. gr. núgildandi laga. Hér er því ekki um neina efnisbreytingu að ræða heldur frekar verið að skýra þessa heimild stjórnarinnar.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar hefur að geyma nýmæli og er hér lögð til frekari afmörkun á því hver getur átt rétt til námslána. Greinin hefur að geyma aldurstengda takmörkun á rétti einstaklinga til námslána. Er hér lagt til að réttur til námslána falli alveg niður við 56 ára aldur en einstaklingar á aldursbilinu 50-55 ára njóti takmarkaðra réttinda til námslána miðað við aðra aldurshópa.

Meginröksemd fyrir breytingunni er sú gagnrýni sem komið hefur fram á núgildandi löggjöf, m.a. í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá júní 2011. Í skýrslunni er vísað til þess að skynsamlegt sé að miða heildarskuldsetningu lánþega sjóðsins við áætlaða endurgreiðslumöguleika einstaklinga með meðaltekjur fyrir 60 ára aldur. Með slíkri aldurstakmörkun sé dregið úr væntanlegum afskriftum lána vegna aldurs og komið í veg fyrir að lánþegar séu enn í skuld við lánasjóðinn þegar þeir hefja töku lífeyris. Breyting þessi verður einnig að skoðast samhliða þeirri breytingu sem lagt er upp með í 17. gr. frumvarpsins um að námslán skuli falla niður við 67 ára aldur. Þar með styttest verulega sá tími sem eldri lánþegum gefst til að greiða af lánum sínum. Er ljóst að um hreina styrkveitingu væri að ræða til þess hóps sem tæki námslán skömmu fyrir 67 ára aldurinn ef ekki kæmi til þessi breyting.

Fyrirmynd greinarinnar er að finna í sænsku lánasjóðslögunum sem hefur sambærilega reglu um aldurstakmörkun. Þar hefjast takmarkanir að vísu fyrr eða við 45 ára aldur og miðast við þann einingafjölda, sem námsaðstoð er að hámarki veitt fyrir í Svíþjóð, þ.e. 240 einingar. Það þykir ekki heppilegt hér þar sem svigrúm til að fá námslán er mun meira eða vegna allt að 600 eininga. Þá er einnig ljóst að hluti námsaðstoðar í Svíþjóð er beinn styrkur og því þarf ekki að greiða nema hluta af heildarupphæðinni til baka. Regla frumvarpsins miðar við að einstaklingar á aldursbilinu 50 – 55 ára hafi takmarkaðri rétt til námslána, sem felst í skertum fjölda þeirra ECTS eininga, sem lánað er fyrir hverju sinni. Miðað er við að frá og með 50. aldursári geti námsmaður ekki þegið lán vegna fleiri en 180 eininga. Rökin fyrir þeirri tölu eru tvíþætt. Í fyrsta lagi er almennt grunnnám, sem og doktorsnám, skipulagt sem 3 ár eða 180 einingar í samræmdu Bologna skipulagi evrópskra háskóla. Þannig rúmast lang flestar námsleiðir innan þessara takmarkana, en framhaldsnám er almennt 2 ár eða 120 einingar. Í öðru lagi sýna útreikningar að einstaklingur sem tekur námslán fyrir 180 einingum á aldrinum 50-55 ára mun ekki greiða nema 70-85% af upphaflegum höfuðstól lánsins til baka fyrir 67 ára aldur miðað við meðaltekjur þessa aldurshóps. Fleiri einingar myndu því leiða til enn verri endurgreiðsluhlutfalls. Rökin fyrir aldursbilinu eru sambærileg. Væru lán veitt seinna á lífsleiðinni myndi greiðslutíminn styttest enn frekar og lítið sem ekkert fást greitt upp í lánið. Ekki er talið að reglan fari gegn markmiði laganna um jöfn tækifæri til náms án tillits til efnahags heldur liggja málefnalegar ástæður til þess að setja slíkar aldurstakmarkanir, þ.e. annars vegar er verið að gæta að hagsmunum lánþega með því að skuldsetning þeirra

samrýmist áætluðum endurgreiðslumöguleikum og því að þeir séu ekki að greiða af námslánum á sama tíma og taka lífeyris hefst. Hins vegar er verið að gæta að hagsmunum Lánasjóðsins þar sem reglunni er ætlað að draga úr afskriftum lána. Má hér m.a. vísa til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5161/2007 þar sem fram kemur að eigi fortakslaus aldurs skilyrði að takmarka rétt einstaklinga, sem veittur er í lögum, þurfi slíkt að koma fram í löggjöfinni sjálfri. Er því farin sú leið hér að binda í lög þau aldurstakmörk, sem gilda skulu um námslán en það verður svo á hendi ráðherra og stjórnar Lánasjóðsins að útfæra þessar reglur nánar í reglugerð eða úthlutunarreglum sjóðsins.

Í 2. mgr. greinarinnar eru tekin fram áhrif þess ef námsmaður hefur áður þegið lán hjá sjóðnum. Skulu þær einingar, sem hann hefur fengið lán fyrir, þá dragast frá því hámarki sem kveðið er á um í töflunni í 1. mgr. Hafi námsmaður þannig áður fengið lán vegna 120 ECTS eininga, á hann einungis rétt á 60 einingum þegar hann er fimmtugur og 30 einingum þegar hann er 51 árs. Hafi námsmaður hins vegar þegar greitt námslán sitt, fengið það felld niður, eða er af öðrum ástæðum ekki lengur í skuld við sjóðinn, dragast þær einingar sem hann hefur áður fengið lánað fyrir, ekki frá hámarks einingafjölda skv. 1. mgr.

Um III. kafla

III. kafli frumvarpsins, 8. – 12. gr., fjallar um lánshæfi náms. Hér er farin önnur leið en í núgildandi lögum við mat á því hvort nám teljist lánshæft. Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1992 er lánshæfi náms miðað við þær kröfur sem gerðar eru til undirbúningsmenntunar fyrir viðkomandi nám. Kröfurnar þurfa að vera sambærilegar við þær sem gerðar eru til undirbúningsmenntunnar þeirra sem vilja stunda nám við háskóla hér á landi, með þeirri undantekningu sem kemur fram í 2. gr. laganna. Í frumvarpi þessu er lánshæfi náms miðað við námið sjálft í stað krafna um undirbúningsmenntun auk þess að sérstakri nefnd, lánshæfismatsnefnd, er ætlað að leggja mat á lánshæfi náms. Þá er í kaflanum að finna ákvæði er mæla fyrir heimild til námslána vegna undirbúningsnáms fyrir háskólanám, m.a. svokallaðs frumgreinanáms, löggilts iðnnáms og sérnáms. Auk þess hefur kaflinn að geyma sérstaka heimild til námslána vegna skólagjalda.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að nám við viðurkennda háskóla á Íslandi skv. II. kafla laga um háskóla nr. 63/2006, sé lánshæft. Eins og kemur fram að ofan er nú litið til námsins sjálfs við ákvörðun um hvort það teljist lánshæft og þurfa því hvort tveggja skólinn/stofnunin sem slík og námsleiðin að vera viðurkennd. Í 4. mgr. 3. gr. laga um háskóla kemur fram að viðurkenning háskóla sé bundin við ákveðin fræðasvið og þarf nám umsækjanda því að vera á viðurkenndu fræðasviði. Samkvæmt seinni málslið 1. mgr. og 2. mgr. 7. gr. laga um háskóla þarf námið einnig að vera á háskólastigi og ljúka með diplómaprófi, bakkalárrófi, meistara- eða kandidateitprófi eða doktorsprófi.

Með 2. mgr. er háskólanám erlendis einnig gert lánshæft, svo fremi sem það sé viðurkennt af þarlandum yfirvöldum eða teljist uppfylla þau skilyrði sem að framan er lýst vegna 1. mgr. Er hér ekki um neina efnisbreytingu að ræða frá þeirri framkvæmd sem nú er við Lánasjóðinn þegar metið er hvort nám erlendis sé lánshæft.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um lánshæfi undirbúningsnáms fyrir háskólanám, m.a. svokallaðs frumgreinanáms, en ákvæðið er nýmæli. Í núgildandi lögum er ekki heimild til handa stjórn sjóðsins að lána í annað nám en háskólanám, nema að það sé sérnám skv. 2. gr. laganna. Hins vegar hefur framkvæmdin undanfarna áratugi verið sú að lána í undirbúningsnám fyrir

háskólanám, m.a. svokallað frumgreinanám, sem var fyrst og fremst ætlað þeim sem ekki höfðu lokið stúdentsprófi en vildu komast í háskólanám. Stjórn Lánasjóðsins reyndi af sinni hálfu að takmarka lán til frumgreinanáms við þá sem upphaflega var hugsað að myndu sækja slíkt nám. Þar sem engar lagaheimildir var að finna fyrir slíkum lánveitingum, hvað þá takmörkunum sem gera mátti á þeim reyndist erfitt að rökstyðja þær takmarkanir sem gerðar voru í úthlutunarreglum sjóðsins. Í 4. mgr. greinar 1.2.2 í úthlutunarreglum LÍN fyrir skólaárið 2010-2011 sagði um skilyrði til lána vegna frumgreinanáms: "*að námsmaður hafi áður lokið lánshæfu starfsnámi, þ.e. burtfararprófi/sveinsprófi úr skóla, eða hafi jafngilda reynslu úr atvinnulífinu, þ.e. starfsreynslu sem samsvarar fullri atvinnuþátttöku í a.m.k. fimm ár.*" Í úrskurði sínum í máli nr. L-36/2010 komst málskotsnefnd LÍN að þeirri niðurstöðu að stjórn sjóðsins væri ekki heimilt að synja einstaklingi sem hefði lokið stúdentsprófi, um lán vegna náms á frumgreinasviði þar sem slíku prófi yrði að fullu jafnað við sveinspróf, sbr. grein 1.2.2. í úthlutunarreglunum. Ein meginástæðan var sú að nemandann skorti áfanga í raungreinum til að geta hafið nám í heilbrigðisverkfræði á háskólastigi og var því undirbúningsnámið nauðsynlegur undanfari háskólanámsins, þrátt fyrir að nemandinn hefði lokið stúdentsprófi. Var því talið að framkvæmd sjóðsstjórnar bryti gegn jafnræðisreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Í úrskurði málskotsnefndar nr. L-42/2010 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að einstaklingur sem ekki gat sýnt fram á 5 ára fulla atvinnuþátttöku né próf sem gert var skilyrði um í grein 1.2.2., ætti samt rétt á lánnum þar sem hann hefði lokið sérstöku undirbúningsnámi sem veitti honum rétt á að hefja frumgreinanám. Þar með er orðið ljóst að sjóðurinn getur ekki lengur takmarkað aðgengi í námslán vegna undirbúningsnáms og hefur 4. mgr. greinar 1.2.2. nú verið felld úr úthlutunarreglum sjóðsins. Er líklegt að með óbreyttu ástandi muni slík lántaka því aukast til muna. Þá er sjóðnum einnig skylt að lána í sambærilegt nám erlendis á grundvelli jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga. Markmið þessa ákvæðis er að koma böndum á lán til undirbúningsnáms með því að setja skýra en þrönga heimild til slíkra lána.

Fyrsta skilyrði þess að lánað sé vegna undirbúningsnáms, er að slíkt nám sé skipulagt af viðurkenndum háskóla sbr. 8. gr. Hér er farin sú leið að takmarka lánveitingar til undirbúningsnáms við þá stofnun eða skóla sem bjóða upp á undirbúningsnámið. Ekki er gerð krafa um að námsmaður hyggist stunda háskólanám sitt við þennan sama skóla. Ástæða þess að þetta skilyrði er sett fram er sú að heimild til lánveitinga vegna undirbúningsnáms hafa leitt til þess að skólar, sem ekki falla undir skilgreiningu 8. gr. á háskólum, eru farnir að bjóða upp á heilar námsleiðir, sem minna um margt á sérnám, en geta ekki talist hreinn undirbúningur fyrir háskólanám, sem LÍN hefur á grundvelli fyrri framkvæmdar veitt lán fyrir. Ljóst er að slíkt var aldrei upphafleg hugmynd með lánveitingum til undirbúningsnáms. Með því að setja skilyrði um að námið skuli skipulagt af viðurkenndum háskóla er reynt að tryggja að náminu sé einungis ætlað til að bæta við þekkingu sem námsmanninn vantar upp á til að hefja tiltekið háskólanám.

Lánað er að hámarki fyrir 60 ECTS einingar vegna slíks undirbúningsnáms, þ. á m. frumgreinanáms. Er ástæðan sú að verið er að veita þeim tækifæri sem þurfa að bæta við sig fáeinum áföngum og allt upp í tveimur önnum, til að komast í háskólanám. Þannig er ekki ætlast til að þessi grein opni á námslán vegna nokkurs konar sérnáms, heldur einungis vegna undirbúnings undir háskólanám samanber það sem segir að framan. Þá eru sett þau skilyrði að námsmaður þarf að hafa lokið prófi af framhaldsskólastigi en með því er einkum átt við sveinspróf eða stúdentspróf eða annað sambærilegt próf s.s. þeim sem lokið er við erlenda skóla. Ástæða þessa skilyrðis er sú að nám á framhaldsskólastigi er almennt ekki lánshæft, sbr. þó 10. gr. þessa frumvarps. Hafi einstaklingur ekki lokið slíku námi er óeðlilegt að hann fái lánað fyrir því, í gegnum lánshæft undirbúningsnám, á meðan hinn almenni framhaldsskólanemi getur ekki fengið lán fyrir námi sínu.

Í 2. mgr. greinarinnar er veitt undanþága frá skilyrðinu um framhaldsskólapróf ef námsmaður hefur náð 25 ára aldri. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að telja verður ósanngjarnt að krefjast þess af fólki, sem náð hefur tilteknum aldri og hugsanlega ber ábyrgð á framfærslu heimilis og fjölskyldu, að hefja nám í framhaldsskóla, sem ekki er lánshæft.

Um 10. gr.

Þessi grein er nýmæli en í núgildandi lögum er sérstaklega veitt heimild til stjórnar sjóðsins til að lána til sérnáms í 2. gr. Sérnám er ekki frekar útskýrt í lögnum en hefur verið skilgreint í úthlutunarreglum LÍN. Líkt og með frumgreinanámið, hafa lán vegna sérnáms verið ljár í þúfu sjóðsins, m.a. vegna þess að þau fela í sér lán til framhaldsskólanáms og með lítinn bakgrunn í settum lögum hefur verið erfitt fyrir stjórn sjóðsins að aðgreina lán til þeirra sem eru í iðnnámi og þeirra sem eru í almennu bóknámi, án þess að mismuna þessum einstaklingum. Þá er einnig ljóst að sérnám hefur vaxið gríðarlega frá því núgildandi lög voru sett en hugmyndin á sínum tíma var að veita þeim sem stunduðu iðnnám jafnan rétt til töku námslána og þeim sem stunduðu bóknám og gætu þegið lán á háskólastigi. Hér er farin sú leið að reyna að afmarka lán til sérnáms í lögum og þá litið til sambærilegrar löggjafar á hinum Norðurlöndunum sem og núgildandi úthlutunarreglna Lánasjóðsins.

Í fyrsta málslið greinarinnar eru talin upp nokkur skilyrði sem sérnám og iðnnám á framhaldsskólastigi þurfa að uppfylla svo að námslán verði veitt. Iðnnámið þarf í fyrsta lagi að vera löggilt og þá þarf það, sem og sérnámið, að veita starfsréttindi. Er hér miðað við að iðnnámið veiti starfsréttindi í löggilttri iðngrein en löggiltar iðngreinar eru taldar upp í reglugerð nr. 940/1999, sem sett er með stoð í iðnaðarlögum nr. 42/1978. Sérnámið er nokkuð víðtækara hugtak og er einkum ætlað að ná til listnáms og náms sem ekki var til þegar iðnaðarlög voru sett, s.s. nám í margmiðlunarfræðum. Í öðru lagi þarf námið að hafa hlotið staðfestingu ráðherra samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Er með því átt við staðfestingu ráðherra á viðkomandi námsbrautarlýsingu, sbr. einkum 17. og 23. laganna. eru þessi skilyrði sambærileg við núgildandi úthlutunarreglur LÍN.

Til viðbótar framangreindum skilyrðum má námið ekki vera launað, vilji námsmaður geta tekið lán vegna námsins. 1. tölul. 1. mgr. verður að skoða samhliða 2. mgr. greinarinnar en saman leiða þær til þess að séu laun í náminu jöfn eða hærri en grunnframfærsla LÍN skal ekki veita lán, en séu launin lægri getur námsmaður fengið lán sem nemur muninum á grunnframfærslu LÍN og launa í náminu. Með launum er átt við heildarlaun skv. kjarasamningi, þ.e. fyrir skatt. Skilyrði 2. tölul. 1. mgr. eru nýmæli í lögnum en þau sækja fyrirmynd sína til sambærilegra reglna danska lánasjóðsins. Með þessu skilyrði er ætlunin að koma í veg fyrir að einkaskólar, sem ekki geta sýnt fram á rekstrarhæfi sitt, fjármagni taprekstur sinn með skuldsetningu námsmanna. Að lokum er það gert að skilyrði að námið, sem sótt er um lán fyrir, sé að jafnaði ekki kennt á háskólastigi hér á landi eða á hinum Norðurlöndunum. Ástæða þessa skilyrðis er í raun þau grunnrök, sem liggja að baki þess að lánað er í tiltekið framhaldsskólanám, að verið sé að veita jöfn tækifæri til bóknáms og iðnnáms eða sérnáms. Eins og bent er á að framan er ekki lánað til bóknáms í framhaldsskóla, þar sem slíkt nám er kennt á háskólastigi og þar geta þeir, sem hyggjast stunda bóknám, fengið stuðning frá hinu opinbera gegnum námslán. Þegar námslán voru fyrst veitt til iðnnáms á framhaldsskólastigi var það gert vegna þess að slíkt nám þekktist ekki á háskólastigi og eðlilegt þótti að veita þeim nemendum sama stuðning frá hinu opinbera. Nú þegar opnað hefur verið á lán, ekki einungis til gömlu iðngreinanna, heldur einnig til listnáms og annars sérnáms á framhaldsskólastigi, er eðlilegt í samræmi við grunnrök þess að lána til framhaldsskólanáms, að gera kröfu um að námsmaður geti ekki sótt slíkt nám á háskólastigi og því fengið lán fyrir því þar. Er hér miðað við að nemendur geti yfirleitt sótt nám sitt á Norðurlöndunum án mikillar fyrirhafnar og kostnaðar og því sett það skilyrði að nám sem lánað er fyrir á framhaldsskólastigi sé almennt ekki í boði á háskólastigi á Norðurlöndunum.

Í 3. mgr. koma fram takmarkanir á lánum vegna þessarar greinar en ekki er lánað fyrir fyrstu önn í náminu og sé námið 5 annir eða lengra, er ekki lánað vegna fyrstu tveggja annanna. Aldrei er svo lánað til meira en 75% af heildartíma námsins að meðtöldum launuðum starfsnámsstíma. Hér er um að ræða sömu takmarkanir og eru í úthlutunarreglum LÍN núna. Rökin að baki þessum takmörkunum eru þau að iðnnám og sérnám fela nánast alltaf í sér eitthvað bóknám, en bóknám á framhaldsskólastigi er ekki lánshæft. Yrði lánað í allt námið myndi það ójafnræði skapast að t.d. iðnnemar þægi í raun lán vegna bóknámsfaga, sem að sammendur þeirra sem skráðir eru í bóknám, fá ekki lánað fyrir.

Í 4. mgr. er að lokum kveðið á um lánveitingar vegna sambærilegs náms erlendis. Tilgangur ákvæðisins er að mismuna ekki námsmönnum eftir því hvar þeir sækja nám sitt og er það því sambærilegt 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Líkt og í þeirri grein er erfitt að setja fram skilyrði í íslenskri löggjöf vegna náms erlendis og er því farin sú leið að krefjast sambærilegra skilyrða og vegna sérnáms hérlendis eins og við getur átt. Það er þó ljóst að sum skilyrði 1.-3. mgr. geta ekki átt við og verður lánshæfismatsnefnd þá að líta þeirra meginmarkmiða sem koma fram í málsgreinunum. Ákvæði 3. mgr. um að lánað sé til 75% af heildartímanámsins er til að mynda ófrávíkjanlegt vegna náms erlendis sem og ákvæði um laun. Um réttindi og löggildingu námsins kunna að vera önnur sjónarmið við nám erlendis sem taka þarf tillit til.

Um 11. gr.

Greinin er ný en í núgildandi lögum er hvergi minnst á námslán vegna skólagjalda sérstaklega. Þó er ljóst, bæði af reglum og framkvæmd sjóðsins til margra ára, að skólagjaldalán lúta öðrum sjónarmiðum en framfærslulán. Má þar helst nefna að hámark þeirra hefur lengi verið bundið við tiltekna fjárhæð sem í dag er kr. 3.500.000,- á Íslandi en fjárhæðirnar eru ólíkar eftir löndum og gefnar upp í gjaldeyri hvers lands fyrir sig. Á hinn bóginn hefur skortur á heimild í lögum til lánveitinga vegna skólagjalda leitt til þess að engar takmarkanir eru á því til hvaða náms er lánað heldur fylgir það almennu lánshæfi vegna framfærsluláns. Þegar núgildandi lög voru sett, voru einungis opinberir háskólar á Íslandi sem ekki höfðu, og hafa ekki enn, heimild til að innheimta skólagjöld. Lán vegna skólagjalda voru því fyrst og fremst til handa þeim sem stunduðu nám erlendis. Slíkt er ómissandi þáttur í að veita einstaklingum, sem lögin taka til, tækifæri á að stunda nám erlendis, enda er það oft á tíðum mjög dýrt. Þá þykir það mikilvægt fyrir menntunarstig þjóðarinnar að loka ekki á möguleika námsmanna til að sækja menntun sína til vel metinna skóla erlendis. Þróunin síðasta áratug hefur hins vegar orðið sú að hérlendis hafa sprottið upp einkareknir háskólar sem innheimta skólagjöld sem oft á tíðum eru mjög há. Þá hafa einnig aðrir einkareknir skólar, sem ekki eru á háskólastigi, en eru engu að síður lánshæfir vegna rýmkaðra lánsheimilda til sérnáms og undirbúningsnáms, krafist hárra skólagjalda af nemendum sínum í fjármögnunarskyni. Niðurstaðan er sú að LÍN veitir árlega gríðarlega háar fjárhæðir í námslán sem renna til reksturs einkaskóla á Íslandi. Reynslan hefur sýnt að forsvarsmenn slíkra einkaskóla hafa oft á tíðum ekki getað sýnt fram á rekstrarhæfi skólans nema með því að innheimta mjög há skólagjöld. Þá þarf LÍN, á grundvelli jafnræðisreglu, einnig að veita skólagjaldalán vegna sérnáms og undirbúningsnáms erlendis. Meginástæða fyrir því að setja sérstaka lagareglu, sem heimilar að lán sé veitt vegna skólagjalda, er sú sama og fyrir sérstökum reglum, sem heimila námslán til sérnáms og undirbúningsnáms. Enginn lagarammi er til um lánshæfi slíks náms né skólagjalda sérstaklega og er greininni ætlað að bæta úr því. Hér er því lagt upp með að skólagjaldalán verði veitt vegna háskólanáms eins og það er skilgreint í 8. gr. frumvarpsins og vegna sérnáms og iðnnáms samanber 10. gr. frumvarpsins. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að takmarka skólagjaldalán með sambærilegum reglum og gert er við framfærslulán. Þykir nauðsynlegt að taka það fram þar sem verið er að aðskilja lán vegna framfærslu og skólagjalda í frumvarpi þessu. Ekki er í raun um efnisbreytingu að ræða því samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins eru lán vegna skólagjalda takmörkuð að sama leyti og

framfærslulán, m.a. vegna skilyrða um námsframvindu og tekjutengingu. Þessu til viðbótar er sjóðstjórn veitt heimild til að takmarka skólagjaldalán umfram þær takmarkanir sem gilda um framfærslulán að því er varðar hámark þeirra og lágmarks sjálfsaflafé námsmanns. Eins og fram kemur hér að framan eru þegar til staðar hámark á skólagjaldalánum í krónutölu, sem ekki er að finna um framfærslulán. Þá er stjórn jafnframt veitt heimild til kveða á um að námsmenn skuli sjálfir greiða tiltekna lágmarks upphæð af skólagjöldum án þess að fá fyrir því lán. Slík regla getur bæði verið sem tiltekin krónutala eða sem tiltekið hlutfall af skólagjöldunum. Í úthlutunarreglum sjóðsins hefur lengi verið mælt fyrir um að einungis sé lánað fyrir skólagjöldum umfram 45.000 krónur. Er það sama tala og hámarks innritunargjöld eru við opinbera háskóla samkvæmt núgildandi lögum um opinbera háskóla. Er þessu ákvæði m.a. ætlað að renna stoðum undir slíka heimild en jafnframt að veita stjórn heimild til að gera námsmönnum skylt að standa undir tilteknu hlutfalli skólagjalda sjálfir. Slíkt ákvæði var í úthlutunarreglum sjóðsins síðastliðin þrjú ár en gildistöku þess var ætíð frestað þar til það var fellt brott í síðustu breytingum.

Um 12. gr.

Hér er um nýmæli að ræða í löggjöf á þessu sviði. Frá stofnun hefur lánasjóðurinn metið láns hæfi þess náms sem umsækjendur hyggja á nám í, með tilliti til laga, reglugerðar og úthlutunarreglna sjóðsins. Á undanförunum árum hefur þetta hlutverk vaxið gríðarlega og ljóst að sjóðurinn hefur varla tók á að sinna þessu verkefni ásamt öðrum hlutverkum sínum. Þá er það að vissu leyti undarlegt að stjórn sjóðsins hafi hingað til haft það hlutverk að meta láns hæfi náms og þurft m.a. að leggja mat á kröfur erlendra háskóla til undirbúningsmenntunar nemenda sinna. Ekki er talið að nægileg sérþekking sé til staðar innan Lána-sjóðsins til að leggja mat á láns hæfi náms heldur er talið heppilegra að sækja slíka sérþekkingu út fyrir vegg sjóðsins. Hvergi annars staðar á Norðurlöndunum er þetta hlutverk á hendi námslána-sjóðanna og er því lagt upp með það í greininni að komið verði á laggirnar sérstakri ráðherraskipaðri nefnd sem fari með þessi verkefni. Stjórn sjóðsins yrði þá eingöngu heimilað að veita námslán til þess náms sem hlotið hefur samþykki nefndarinnar. Ljóst er að fæstir umsækjendur námslána stunda nám sem vafi er um að sé láns hæft og felst hlutverk nefndarinnar því aðallega í að skera úr um vafatilvik. Líkt og gert er núna skal sjóðsstjórn birta lista í úthlutunarreglum sínum yfir þá skóla, sem hlotið hafa samþykki láns hæfismats-nefndar.

2. mgr. greinarinnar vísar til málskots úrskurða nefndarinnar og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um IV. kafla

Í IV. kafla, 13. – 16. gr. er að finna ákvæði um námslán og námsstyrki. Ákvæðin í kaflanum sem snúa að námslánum eru að mestu leyti óbreytt frá núgildandi lögum. Í 16. gr. er að finna nýmæli sem snýr að styrkjum til þeirra sem stunda háskólanám. Almennir styrkir til háskólanáms eru ekki til staðar á Íslandi í dag en slík styrkjakerfi eru hins vegar við lýði á hinum Norðurlöndunum og hefur um langa hríð verið litið til þeirra sem mögulega leið hér á landi. Í eldri löggjöf á þessi sviði voru ákvæði um almenna styrki vegna háskólanáms en þau voru felld niður með núgildandi lögum árið 1992. Eins og kemur fram að ofan felldu lög um námslán og námsstyrki nr. 7/1967, niður lög nr. 35/1925 um styrkveitingu til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla. Ákvæði laganna frá 1967 um styrki fólu ekki í sér sérstaka efnisreglu um fjárhæð og framkvæmd styrkveitinga, heldur var þar kveðið á um að því fé, sem veitt var á fjárlögum til námsstyrkja, skyldi varið til þeirra sem héldu utan til náms, vegna ferðakostnaðar og skólagjalda. Í lögum nr. 57/1976 var þessu til viðbótar veittur jöfnunarstyrkur til námsmanna sem urðu að kosta sig fjarri eigin heimili sem og heimild til

handa sjóðsstjórn til að veita þeim styrk, sem vegna örorku eða framfærslu fjölskyldu sinnar væri illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild. Ákvæðið var óbreytt í lögum nr. 72/1982 en eins og áður sagði voru þau felld út með núgildandi lögum. Það er því ljóst að þó svo ákvæði um námsstyrki í löggjöf um námslán og LÍN, sé ekki nýtt af nálinni, hefur ekki áður verið kveðið á um svo almenna styrki til handa öllum þeim er stunda háskólanám að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Um 13. gr.

Í þessari grein að mestu leyti að finna ákvæði sem nú eru í 6. gr. laga nr. 21/1992. Helstu breytingarnar stafa af því að sumar málsgreinar 6. gr. eru annars staðar í frumvarpi þessu vegna nýrrar uppsetningar laganna.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga að undanskilinni orðalagsbreytingu og þess að ekki er lengur skylt að skila hvoru tveggja, upplýsingum um námsárangur og ástundun.

Hefur slíkt aldrei þekkt í framkvæmd og því talið rétt að breyta ákvæðinu að þessu leyti.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 6. gr. núgildandi laga.

3. mgr. er samhljóða 5. mgr. 6. gr. núgildandi laga.

Fyrstu tveir málsliðir 4. mgr. er samhljóða 7. mgr. 6. gr. núgildandi laga. Aftan við ákvæðið hefur verið bætt inn reglu um að ábyrgð falli niður þegar ábyrgðarmaður nær 67 ára aldri eða við andlát hans. Reglan um andlát ábyrgðarmanns er í samræmi við reglu sem lengi hefur gilt um skuldara sjálfan, þ.e. að skuld hans falli niður við andlát en erfist ekki. Þegar svo stendur á, þarf skuldari ekki að fá annan ábyrgðarmann enda er ekki lengur gerð krafa um ábyrgðarmenn á námslán nema í undantekningartilfellum. Teljist skuldari ekki tryggur lántakandi samkvæmt reglum sjóðsins gilda sömu reglur og um ótrygga lántakendur sbr. 3.

mgr. greinarinnar, þ.e. þá þarf hann að útvega nýja ábyrgð, við andlát ábyrgðarmanns.

Jafnframt fellur ábyrgð niður við 67 ára aldur ábyrgðarmanns, sé skuldari í skilum við sjóðinn. Er þetta í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 17. gr. frumvarps þessa og snýr að skuldara sjálfum. Vísast til útskýringar við þá grein en hér er lagt upp með að rétta hlut ábyrgðarmanna, þannig að staða þeirra sé ekki verri en skuldarans sjálfs.

5. mgr. er samhljóða 8. mgr. 6. gr. núgildandi laga.

Um 14. gr.

Þessi grein er samhljóða 14. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Í núgildandi lögum er ekki að finna heimild til handa sjóðsstjórn til að bregðast við því þegar námsmaður fær ofgreitt lán. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður, bæði vegna rangra upplýsinga af hálfu námsmanns sem og vegna handvamar sjóðsins sjálfs. Ljóst er þó að í hvorugu tilvikinu getur talist eðlilegt að hin ofgreidda upphæð teljist til námsláns námsmanns og honum beri því aðeins að greiða hana eftir hefðbundnum endurgreiðslureglum sjóðsins. Hefur lengi verið ákvæði í reglugerð sem heimilar sjóðnum að innheimta slík ofgreidd lán líkt og þekkist í almennum viðskiptum, þ.e. með útgáfu skuldabréfs sem námsmanni ber að greiða á tiltölulega skömmum tíma. Er hér verið að lögfesta þá heimild. Ákvæðið skýrir sig að nokkru sjálft en nánari útfærsla innheimtu verður í höndum stjórnar LÍN. Þó verður að telja eðlilegt að slík framkvæmd skuli tekin fram í úthlutunarreglum og þá kann að vera eðlilegt, m.a. með tilliti til þess tíma sem námsmaður fær til að greiða til baka ofgreitt lán, að gera greinarmun á þeim tilvikum þegar hið ofgreidda lán stafar af mistökum sjóðsins sjálfs eða vegna rangra upplýsinga námsmanns.

Um 16. gr.

Greinin er nýmæli en hér er lagt til að tekið verði upp styrkjakerfi að nokkru leyti, samhliða því lánakerfi sem nú er við lýði. Almennir styrkir vegna háskólanáms eru þekktir á hinum Norðurlöndunum en styrkjakerfin eru ólík milli landa. Í frumvarpi þessu er lagt til að námsmenn geti áunnið sér styrki stundi þeir námið á réttum hraða. Styrkirnir eru því ekki ætlaðir til framfærslu meðan á námi stendur enda falla þeir ekki til fyrr en að námi loknu. Ástæðan fyrir því að þessi leið er farin er að hún er langt um ódýrari en t.d. það styrkjakerfi sem þekktist í Danmörku, þar sem styrkirnir eru greiddir út líkt og námslán hérlendis. Þetta er jafnframt sú leið sem talin var henta best að mati vinnuhóps innan Lánasjóðsins sem skilaði niðurstöðum í ársbyrjun 2011.

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að námsmaður útskrifist á tíma sem skipulag náms gerir ráð fyrir, þ.e. ljúki því á þeim námsönnum, sem gert er ráð fyrir. Er með þessu kerfi því einnig verið að hvetja námsmenn til að ílengjast ekki í námi, eigi þeir þess kost. Námi þarf að vera lokið á færri eða jafn mörgum önnum og innan þess tíma sem skipulag þess gerir ráð fyrir. Með skipulagi náms er átt við það skipulag sem gilti þegar námsmaður hóf nám sitt, verði t.d. breytingar á því seinna meir. Með tímamörkum í ákvæðinu er átt við að skipulag náms geri ráð fyrir að náminu sé almennt hægt að ljúka á ákveðnum árafjölda enda sé það stundað í samfellu.

Frá þessari kröfu skulu veittar sömu undanþágur og vegna annarra námsframvindukrafna í reglum sjóðsins. Með þessu er átt við að námsmaður, sem ekki hefur lokið námi á þeim hraða sem skipulag þess gerir ráð fyrir, geti sótt um undanþágu til stjórnar Lánasjóðsins þannig að litið verði framhjá tölum í náminu að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum. Hér er helst átt við fötlun, veikindi, sértæka námsörðugleika eða önnur atriði sem Lánasjóðurinn þarf nú þegar að taka tillit til vegna annarra undanþáguheimilda í reglum sínum.

Stjórn Lánasjóðsins skal einnig útfæra nánar í reglum sínum hvað telst upphaf og lok náms samkvæmt þessari grein. Hér er einkum átt við um hvað eigi að telja sem tafir á námsferli námsmanns, t.d. hvort miða eigi upphaf námsins og þar með námstímann við fyrra tímamark en þegar námsmaður var skráður í tiltekið nám. Dæmi má nefna að námsmaður hefur grunnám í líffræði en lýkur ekki gráðu og skráir sig ári seinna í grunnám í hjúkrunarfræði sem hann lýkur á þremur árum. Við mat á þeim tíma sem námsmaður lauk gráðu í hjúkrunarfræði ætti að miða við það tímamark þegar hann var skráður í líffræði, þ.e. hann hafi verið fjögur ár að klára nám sem skipulagt er til þriggja ára. Þetta er nauðsynlegt til að ná því markmiði sem styrkirnir eiga að stuðla að, þ.e. að sporna gegn þeirri þróun að námsmenn ílengist að óþörfu í námi með þeirri þjóðhagslegu óhagkvæmni sem slíkt hefur í för með sér. Í undantekningartilvikum kann þó að vera eðlilegt að líta framhjá óloknu fyrra námi við mat á tímalengd náms, s.s. þegar rof verður á námi námsmanns til langs tíma.

Fjárhæð styrksins er miðuð við ákveðið hlutfall af grunnframfærslu sjóðsins á hverjum tíma, eða 25%. Hér er því ekki miðað við það lán sem hver námsmaður tekur heldur eru um að ræða sömu styrkupp hæð fyrir alla. Sem dæmi má nefna námsmann sem lýkur grunnháskólanámi (3ja ára BA/BSc náms) á þremur árum (réttum hraða) og fær því 25% af þrefaldri grunnframfærslu LÍN (miðað við óbreytta framfærslu í árin þrjú) eða: $1.195.128 \text{ kr.} \times 3 \times 0,25 = 896.346 \text{ kr.}$ Ljúki námsmaður grunnháskólagráðu eftir 7 annir í háskóla nemur styrkurinn 70% af fullum styrk. Eftir það fellur hann niður. Svigrúm til seinkunnar í 2ja ára námi er einnig ein önn og nemur þá styrkurinn 60% af fullum styrk. Vegna tveggja til þriggja anna náms er ekki veitt neitt svigrúm til seinkunar.

Þá er ekki gert ráð fyrir styrkjum vegna doktorsnáms og stafar það helst af því að slíkt nám er oftast en ekki launað að einhverju leyti eða styrkir veittir af öðrum aðilum. Í lögum þessum er gengið út frá svokölluðu Bologna skipulagi háskóla sem er samræmt innan Evrópu. Það felur í sér 3-2-3 skipulag, þ.e. 3ja ára grunnám, 2ja ára framhaldsnám og 3ja ára doktorsnám. Í tilvikum þar sem námsmenn stunda nám eftir öðru kerfi, t.d. 3ja ára grunnám og 5 ára

doktorsnám, hefur Lánasjóðurinn litið á fyrstu 2 árin í doktorsnáminu sem framhaldsnám miðað við úthlutunarreglur sínar. Er eðlilegt að sjóðurinn hafi heimildir til slíkrar útfærslu enda er hún til þess fallin að ná fram jöfnun rétti námsmanna óháð skipulagi náms þeirra. Yrði veittur styrkur vegna hluta doktorsnám, á þessum grundvelli, er þó ljóst að til hreins frádráttar ætti að koma laun eða aðrir styrkir sem fengust vegna námsins. Þetta getur einnig átt við þegar grunnnám er lengra en 3 ár og er þá miðað við að viðbótarárin teljist til framhaldsnáms.

Um V. kafla

Kaflinn fjallar um endurgreiðslur námslána og á að mestu leyti stoð í 7. – 12. gr. nógildandi laga. Helsta breytingin er sú að í 17. gr. frumvarpsins er lögð til sú regla að námslán falli niður við 67 ára aldur. Þá er einnig lagt til í 18. og 21. gr. að ráðherra skuli í reglugerð kveða á um tilvik þar sem heimilt er að veita undanþágur frá 60 daga frestinum sem kemur fram í ákvæðunum.

Um 17. gr.

Greinin er að mestu leyti óbreytt 7. gr. nógildandi laga. Þó er að finna nokkuð viðamikla breytingu í 4. mgr. greinarinnar þar sem lagt er til að námslán falli niður við 67 ára aldur lánþega, sé hann í fullum skilum við sjóðinn. Þetta er í takt við umræður sem hafa átt sér stað, bæði innan veggja Lánasjóðsins sem og úti í samfélaginu, þar sem aukinn þrýstingur hefur verið á að létta greiðslubyrði ellilífeyrisþega. Auk þess hefur sjóðurinn hingað til haft takmarkaðar heimildir í lögum til að laga innheimtuframkvæmd að aðstæðum hverju sinni. Nú liggur þingmannafrumvarp fyrir Alþingi, sbr. 38. þingskjal – 38. mál á 140. löggjafarþingi, þar sem lagðar eru til sambærilegar breytingar á nógildandi lögum um LÍN og er hér að meginstefnu til tekið undir þau sjónarmið, sem þar koma fram. Ekki er gert ráð fyrir að lán hafi verið tekin fyrir ákveðinn aldur enda er gert ráð fyrir að efnisregla 7. gr. frumvarpsins takmarki nægjanlega lántökur svo seint á lífsleiðinni.

Um 18. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti samhljóða 8. gr. nógildandi laga. Í 7. mgr. greinarinnar hefur hins vegar verið bætt við heimild til handa ráðherra að kveða á um, í reglugerð, undanþágur frá 60 daga frestinum í málsgreininni. Samkvæmt nógildandi lögum eru engar undanþágur frá fresti til að skila inn umsókn um undanþágu. Þannig hefur stjórn sjóðsins strangt til tekið ekki heimildir til að líta framhjá frestinum í tilvikum þegar annað virðist ekki sanngjarnt. Þetta á helst við þegar lánþegi eða ábyrgðarmaður er svo þungt haldinn af veikindum að hann hafði bókstaflega ekki ráðrúm til að athafna sig innan frestsins. Þykir ekki annað hægt en að veita megi undanþágur frá frestinum í slíkum tilvikum. Er því ráðherra falið að kveða á um slíkar undanþágur í reglugerð en ljóst er að þær geta ekki verið of víðtækar, heldur miðist fremur við tilvik þar sem einstaklingi er nær ómögulegt að bregðast við innan frestsins.

Um 19. gr.

Fyrsta til fjórða málsgrein greinarinnar eru samhljóma 1. - 4. mgr. 9. gr. nógildandi laga.

Um 20. gr.

Greinin er samhljóma 10. gr. nógildandi laga.

Um 21. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 11. gr. nógildandi laga. Þó hefur verið bætt inn heimild til handa ráðherra að kveða á um í reglugerð um undanþágur frá 60 daga frestinum. Er um sambærilega reglu og í 18. gr. að ræða og vísast til útskýringa við þá grein.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. nógildandi laga. 1. mgr. greinarinnar kom upphaflega inn í lög nr. 57/1976 og þá sem heimild til styrkveitingar en ekki er að finna sérstakar útskýringar á tilkomu ákvæðisins. Með nógildandi lögum voru ákvæði um styrki felld út en þessu ákvæði breytt á þann veg að það heimilaði veitingu aukaláns í sömu tilfellum og styrkur var áður heimilaður. 2. mgr. greinarinnar kom inn í nógildandi lög með lögum nr. 67/1997 og með þessum rökstuðningi: „Ákvæðið eykur sveigjanleika sjóðstjórnar til að koma til móts við námsmenn sem verða fyrir skakkaföllum í námi, en þar sem gert er ráð fyrir því að slík tilvik séu ófyrirsjáanleg eru ekki forsendur til að meta kostnað sem af þeim getur hlotist.“

Um VI. kafla

Skipting verkefna milli stjórnar annars vegar og sjóðsins hins vegar.

Um 23. gr.

Í greininni er í fyrsta lagi kveðið á um skipun stjórnar Lánasjóðsins. Ákvæði 1. – 3. mgr. eru samhljóma 4. gr. nógildandi laga að því undanskildu að nafni Bandalags íslenskra sérskólanema var breytt árið 2004 í Bandalag íslenskra námsmanna og tekur ákvæðið mið af því. Þá hefur 4. mgr. 4. gr. nógildandi laga verið færð yfir í sérstaka grein um framkvæmdastjóra sjóðsins, sbr. 24. gr. frumvarps þessa.

Í 4. - 7. mgr. greinarinnar eru helstu verkefni stjórnar og sem eru í 5. gr. nógildandi laga. Nokkur af þeim verkefnum, sem þar eru talin má finna í 25. gr. undir verkefnum Lánasjóðsins í samræmi við það, sem kemur fram í skýringum við VI. kafla. Ljóst er að verkefni stjórnar eru ekki tæmandi talin í þessari grein enda verða fleiri verkefni leidd af öðrum ákvæðum frumvarpsins. Þá er einnig ljóst að í eðli sínu ber stjórn að meginstefnu til ábyrgð á starfsemi sjóðsins og kann á þeim grundvelli að taka sér fleiri verkefni en hér eru talin upp.

Um 24. gr.

Greinin er nýmæli. Í nógildandi lögum eru engin ákvæði um framkvæmdastjóra sjóðsins önnur en 4. mgr. 4. gr. um skipun hans og að hann skuli ráða annað starfsfólk. Þetta skýtur skökku við í ljósi framkvæmdarinnar undanfarin ár og þeim skyldum sem almennt hvíla á forstöðumönnum ríkisstofnana, einkum samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í greininni eru listuð upp helstu hlutverk og skyldur framkvæmdastjóra sjóðsins miðað við reynslu undanfarinna ára og þær skyldur, sem fram koma í áðurnefndri grein starfsmannalaganna nr. 70/1996. Sem dæmi um breytingu frá nógildandi lögum skal framkvæmdastjóri annast gerð fjárhagsáætlana sjóðsins í stað stjórnar samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. nógildandi laga. Þetta hefur þó verið raunin um langa hríð.

Um 25. gr.

Í þessari grein er að finna helstu verkefni Lánasjóðsins. Ákvæðið á sér að mestu leyti fyrirmynd í 1. mgr. 5. gr. nógildandi laga að frádregnum þeim hlutverkum sem falin eru stjórn sérstaklega samkvæmt 23. gr. frumvarps þessa. Verkefni þessi eru að mestu leyti framkvæmdarlegs eðlis, þ.e. verkefni sem stjórn sjóðsins þarf ekki að koma beint að nema að litlu leyti eða í undantekningartilvikum.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóma 5. gr. a nógildandi laga.

Um VII. kafla

Í þessum kafla er að finna ákvæði um ráðstöfunarfé sjóðsins, rekstur hans og fleira.

Um 27. gr.

Greinin er nánast óbreytt 15. gr. nógildandi laga en skyldu sjóðstjórnar til að gera fjárhagsáætlanir hefur verið breytt í að samþykkja þær. Er breytingin í samræmi við ákvæði 23. gr. frumvarpsins þar sem framkvæmdastjóra er falið þetta verkefni.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóma 16. gr. nógildandi laga.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóma 18. gr. nógildandi laga.

Um VIII. kafla

Kaflinn inniheldur gildistökuákvæði og ákvæði til bráðabirgða.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.